


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Sampykkt: HJS		
Síða 1 af 3	MYL 603 Lokaverkefni Kennsluáætlun vor 2011	

Kennari: Björg Eiríksdóttir, BJE, bjorg@vma.is

Viðtalstími: Mánudaga 11:20–12:00

Áfangalýsing

Sjálfstæð vinna: Nemendur velja sér verkefni eftir áhugasviði hvers og eins. Þeir geta dýpkað skilning sinn á miðlum sem þeir hafa áður kynnst eða kynnt sér nýja eftir því sem aðstæður leyfa. Nemendur vinna sjálfstætt hugmynda og rannsóknarvinnu og þróa eigið persónulegt verk þar sem þeir leita víða gagna eftir því sem hentar hverju verki.

Verkið er unnið með kröfum um hugmyndaauðgi, listræna framsetningu og góðan frágang.

Verkátun: Nemendur gera lýsingu á verkefni sínu og áætlun um framkvæmd í upphafi. Verkátun er beinagrind sem nemandi hleður utan á og getur hugmyndin breyst í vinnuferlinu.

Greinagerð: Nemendur skila skriflegri greinagerð í lokin þar sem koma fram forsendur fyrir vali á verkefni, hugmynd að baki, lýsing á þróunarferli og afstaða höfundar til niðurstöðu.

Sýning: Í lok áfangans setja nemendur upp sýningu á verkum sínum og undirbúa hana í samvinnu við aðra nemendur í áfanganum. Nemendur skipta með sér verkum, velja sýningarstað og hanna kynningarefni.

Umræður: Jafnt og þétt verða umræður um vinnuna einstaklingslega og í hóp. Haldnir verða fundir eða yfirferð með hópnum og nemendur verða í einstaklingsviðtölum við kennara reglulega.

Áfangamarkmið

Nemandi


-hafi náð aukinni færni í notkun þeirra miðla sem hann hefur áður kynnst eða tekist á við nýja

- velji sér viðfangsefni að eigin frumkvæði
- geri verkátun og fylgi henni eftir
- sýni frumkvæði og hugmyndaauðgi
- sýni ögun í vinnubrögðum
- geti unnið sjálfstætt

- geti með fagmannlegum hætti lagt verk sín fram til kynningar

- geti rökstutt val sitt á viðfangsefni
- geti rökstutt túlkun sína á viðfangsefninu
- geti rökstutt þróunarferli þess
- sýni að verkátun hafi verið fylgt

- geti á upplýstan og greinargóðan hátt fjallað um verk samnemenda sinna þannig að gagnlegar umræður skapist

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Sampykkt: HJS		
Síða 2 af 3	MYL 603 Lokaverkefni Kennsluáætlun vor 2011	

Dagbók/skissubók:

Þýðingarmikið er að nemendur vinni skissu/hugmyndavinnu á markvissan hátt þannig að hann skrái ferlið að baki verkinu, hugsanir, þælingar, mögulegar tengingar og geri á þann hátt eigið skapandi ferli sýnilegt.

Skipulag annar:

- 12. janúar Fundur
- 19. janúar Verklýsing skil
- 23. febrúar Fundur og yfirferð
- 6. apríl Fullklárað verk skil og fundur, sýningarundirbúningur
- 16.-17. apríl Sýning, yfirferð
- 27. apríl Greinagerð, dagbók, hugmyndir, prufur og skissur frá öllu ferlinu skil

Efni:

Nemendur útvega sjálfir það efni sem þeir þurfa fyrir lokaverk en geta fengið til dæmis pappír og liti í undirbúningsvinnu.

Ýmsar bækur um listamenn og liststefnur sem tengjast hugmyndum hvers og eins, tímarit og vefsíður samtímalistasafna og einstakra listamanna.

Mat:


Símat, kennaramat, sjálfsmat, gagnrýni, leiðsagnarmat. Kennari metur verkáætlun 5%, ferlið 30%, greinagerð 10%, umræður og samvinna 5%. Í samvinnu meta allir kennarar á listnámsbratut lokaverkið 50%. Til grundvallar matinu er annars vegar listrænn skilningur, sköpun, innsæi, frumleiki og gagnrýnin hugsun. Hins vegar verkleg færni, framfarir, virðisauki, framkvæmd, opinn hugur og ögrun.



Gangi ykkur vel

Með fyrirvara umbreytingar.

Eftir prófsýnidag geymir skólinn ósótta vinnu í eitt ár án ábyrgðar.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010	MYL 603 Lokaverkefni Kennsluáætlun vor 2011	
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 3 af 3		

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils